



Reykjavík, 10. júní 2024

MSS24010162

Borgarráð

### **Tillögur vegna framhalds eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur.**

Lagt er til við borgarráð að samþykkja viðauka borgarlögmans við fyrri umsögn um endurskoðun eigendastefnu. Að öðru leyti er vísað til samþykktar borgarráðs 11. apríl sl. um fyrirliggjandi tillögur fyrir eigendafund OR.

Trúnaður ríkir um afgreiðslu borgarráðs og gögn málsins fram yfir eigendafund OR.

#### **Greinargerð:**

Boðað hefur verið til framhalds eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sbr. ákvæði 5.5. í sameignarsamningi um félagið, föstudaginn 14. júní 2024 kl. 11.30 að Bæjarhálsi 1.

Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum. Í samræmi við lið 4.4 í Almennri eigendastefnu Reykjavíkurborgar þarf samþykki borgarráðs til beitingar réttinda eigandafyrirsvars vegna framlagðra tillagna.

Eftirfarandi tillögur verða lagðar fram til afgreiðslu á framhalds eigendafundi OR þann

14. júní 2024 en málunum var frestað á eigendafundi þann 1. febrúar sl.:

1. Tillaga um rýni og mögulega endurskoðun eigendastefnu. Til samþykktar.
2. Heildarstefna OR. Til samþykktar.
3. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
4. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar (m. br.)
5. Áhættustefna. Til samþykktar.
6. Önnur mál.

Á fundi borgarráðs 1. febrúar sl. var samþykkt að vísa tillögu 1 til umsagnar borgarlögmans, tillögu 2 til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og borgarlögmans og tillögum 3, 4 og 5 til umsagnar til fjármála- og áhættustýringasviðs.

Umbeðnar umsagnir voru lagðar fyrir borgarráð 11. apríl sl.:

1. Í umsögn borgarlögmans um rýni og mögulega endurskoðun eigendastefnu er tekið undir að Reykjavíkurborg sem einn eigandi OR samþykki tillögu stjórnar OR um að hefja endurskoðun eigendastefnunnar og eftir atvikum því til samræmis endurskoðun á sameignarsamningi OR og ákvæðum laga um OR eftir því sem við á.
2. Í umsögn borgarritara og borgarlögmans um heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur komu fram fjórar ábendingar sem þyrfti að skoða nánar. Í fyrsta lagi



**Reykjavík**



- að stefnan kveður á um raforkusölu um allt land, í öðru lagi um nýja mörkun OR, í þriðja lagi um árangursmiðaða liðsheild og ábyrgan rekstur og í fjórða lagi um góða stjórnarhætti.
3. Í umsögn FAS um arðgreiðslustefnu OR er lagt til að fallast ekki á fyrirleggjandi breytingar.
  4. Í umsögn FAS um arðsemissstefnu og áhættustefnu OR eru ekki gerðar athugasemdir við þær.

Borgarráð samþykkti umsagnirnar og voru þær sendar í kjölfarið til OR. Með tölvuskeyti, dags. 24. apríl 2024, upplýsti yfirlögfræðingur OR borgarstjóra, borgarritara og borgarlögmann um að stjórn OR hefði á fundi sínum 22. apríl sl. (352. fundur) samþykkt tillögu að uppfærðri heildarstefnu OR að teknu tilliti til athugasemda Reykjavíkurborgar við stefnuna. Í umræddu tölvuskeyti er jafnframt greint frá því að í hinni uppfærðu heildarstefnu sé komið til móts við athugasemdir Reykjavíkurborgar um orðalag varðandi góða stjórnarhætti og heilbrigðan rekstrarafgang og traustan fjárhag. Þá segir í tölvuskeytinu um tvö önnur atriði sem Reykjavíkurborg gerði athugasemdir við í upprunalegri útgáfu af heildarstefnu OR, þ.e. breytingu á heiti OR í útgefnu efni og sölu rafmagns um allt land, að einungis sé verið að breyta vörumerki en ekki firmaheiti OR sem sé bundið í lög og þá er vísað til raforkulaga frá árinu 2003 um síðara atriðið.

Vegna samþykktar stjórnar OR og uppfærðrar stefnu í ljósi fyrrnefndra athugasemda Reykjavíkurborgar við heildastefnu OR hefur borgarlögmaður gert viðauka við fyrri umsögn. Þar kemur m.a. fram að með hliðsjón af framangreindum viðbótar skýringum frá OR er fallið frá umfjöllun í fyrrnefndri umsögn borgarritara og borgarlögmanns um að áform OR um raforkusölu um allt land veki athygli þar sem OR virðist hafa litið á það sem skyldu sína að selja raforku um allt land frá og með 1. janúar 2007 að telja. Í viðauka borgarlögmanns kemur einnig fram að athugasemdir um að breyta vörumerki standi óhaggaðar m.a. vegna þess að athugasemd um þetta atriði lýtur að því að OR hafi þegar tekið upp nýtt heiti eða vörumerki fyrir OR án þess að bera slíka ákvörðun fyrst undir eigendur OR.

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Fundaboð framhalds eigendafundar júní 2024

Viðauki borgarlögmanns við umsögn borgarritara og borgarlögmanns um uppfærða heildarstefnu OR

Tillaga varðandi eigendastefnu

Uppfærð stefna Orkuveitunnar

Arðsemissstefna

Arðgreiðslustefna

Áhættustefna

Umsögn borgarlögmanns um eigendastefnu OR

Umsögn borgarritara og borgarlögmanns um heildarstefnu OR

Umsögn FAS um arðgreiðslustefnu, arðsemissstefnu og áhættustefnu OR



Reykjavík



Til eigenda OR Error! Reference source not found.

5. júní 2024

**Efni: Fundarboð á framhald eigendafundar Orkuveitunnar, sem frestað var 2. febrúar 2024 vegna 2023.**

Boðað er til framhalds eigendafundar, til að afgreiða þau mál sem frestað var á eigendafundi þann 2. febrúar sl. Samkvæmt grein 5.4. í sameignarsamningi hafa handhafar eigendavalds Orkuveitu Reykjavíkur tillögu- og atkvæðisrétt á eigendafundum.

Að höfðu samráði við eigendur er hér með boðað til fundarins föstudaginn 14. júní nk. kl. 11:30. Fundurinn verður haldinn að Bæjarhálsi 1.

1. Tillaga um rýni og mögulega endurskoðun eigendastefnu. Til samþykktar.
2. Heildarstefna OR. Til samþykktar.
3. Arðsemisstefna. Til samþykktar.
4. Arðgreiðslustefna. Til samþykktar (m. br.)
5. Áhættustefna. Til samþykktar.
6. Önnur mál.

**Virðingarfyllt,**

**Sævar Freyr Þráinsson**  
forstjóri



Reykjavík, 10. júní 2024

MSS24010162

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarritari og borgarlögmaður

---

### ***Viðauki við umsögn borgarritara og borgarlögmanns um uppfærða heildarstefnu OR, sbr. samþykkt stjórnar OR frá 22. apríl sl. (352. fundur)***

Með tölvuskeyti, dags. 24. apríl 2024, upplýsti yfirlögfræðingur Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir skammstafað OR) borgarstjóra, borgarritara og borgarlögmann um að stjórn OR hefði á fundi sínum 22. apríl sl. (352. fundur) samþykkt tillögu að uppfærðri heildarstefnu OR að teknu tilliti til athugasemda Reykjavíkurborgar við stefnuna. Í umræddu tölvuskeyti er jafnframt greint frá því að í hinni uppfærðu heildarstefnu sé komið til móts við athugasemdir Reykjavíkurborgar um orðalag varðandi góða stjórnarhætti og heilbrigðan rekstrarafgang og traustan fjárhag. Þá segir í tölvuskeytinu um tvö önnur atriði sem Reykjavíkurborg gerði athugasemdir við í upprunalegri útgáfu af heildarstefnu OR, þ.e. breytingu á heiti OR í útgefnu efni og sölu rafmagns um allt land, að einungis sé verið að breyta vörumerki en ekki firmaheiti OR sem sé bundið í lög og þá er vísað til raforkulaga frá árinu 2003 um síðara atriðið.

#### **Nýtt vörumerki OR**

Í fyrri útgáfu af heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem lögð var fram á fundi borgarráðs 1. febrúar 2024 sem ein tillagna vegna eigendafundar OR 2. febrúar 2024, er fjallað um breytingu á heiti OR með eftirfarandi hætti:

*Mótun stefnu og framkvæmd í samstarfi innan samstæðu. Skýr mörkun (e. branding) - fyrir fyrirtæki samstæðunnar- skoða eigi að nota Orkuveitan í öllu efni tengt móðurfélagi.*

Í uppfærðri útgáfu af heildarstefnu OR hefur framangreindri umfjöllun verið breytt með eftirfarandi hætti:

*Mótun stefnu og framkvæmd í samstarfi innan samstæðu. Skýr mörkun (e. branding) - fyrir fyrirtæki samstæðunnar - vörumerkið Orkuveitan tekið upp en felur ekki í sér breytingu á lögformlegu heiti Orkuveitu Reykjavíkur.*

Í umsögn borgarritara og undirritaðrar um heildarstefnu OR til borgarráðs er fundið að því að þrátt fyrir að í stefnunni segi að skoða eigi að nota þetta nýja heiti í öllu efni tengdu OR þá verði ekki annað séð en að OR hafi þegar tekið það í gagnið með hliðsjón af efni á vefsíðu OR o.fl. Þannig lýtur athugasemd um þetta atriði að því að OR hafi þegar tekið upp nýtt heiti eða vörumerki fyrir OR án þess að bera slíka ákvörðun fyrst undir eigendur OR. Þar sem um er að ræða óvenjulega og stefnumarkandi ákvörðun af hálfu OR, enda hefur OR ekki notast við vörumerki hingað til sem hefur annað heiti en lögformlegt heiti sameignarfyrirtækisins, hefði verið rétt að vísa fyrrnefndri ákvörðun til eigenda OR og biða afstöðu þeirra til hennar áður en OR lét efni hennar ná fram að ganga.



Enn fremur er í tilvitnaðri umsögn gerð athugasemd við það að umræddri tillögu að breytingu hafi ekki fylgt lagaleg rýni, þ. á m. um lögmæti hennar og hvaða heimildir slík breyting geti haft í för með sér. Nánar tiltekið skal í þessu sambandi bent á að samkvæmt ákvæði 8. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, skal sérhver sem stundar atvinnurekstur hlíta ákvæðum laganna um nafn það sem notað er við atvinnuna og um undirskrift fyrir hana (firma). Þannig hefur verið talið að fyrirtæki sé ávallt skylt að nota firmanafn sitt við undirritun löggerna og er það kemur fram gagnvart dómstólum og stjórnvöldum. Við þessar aðstæður er fyrirtæki óheimilt að nota vörumerki sitt heldur ber því að nota skrásett firmanafn sitt sem í tilviki OR er Orkuveita Reykjavíkur. Með öðrum orðum á fyrirtæki einvörðungu að nota eitt heiti í fyrrnefndum tilvikum svo að öllum þeim sem eiga þá samskipti og lögskipti við það megi vera ljóst við hvaða lögaðila sé átt. Af þessu leiðir að áhöld eru um það hvort OR geti tekið upp jafn víðtæka notkun á nýju vörumerki og sameignarfyrirtækið virðist þegar hafa gert, án þess að samhliða séu gerðar breytingar á skráðu firmaheiti fyrirtækisins og lögum um það, og birtist til að mynda í því að starfsfólk OR hafi undirritun og bréfsefni sem tilgreini vörumerkið Orkuveituna í stað þess að hafa firmanafn OR sem er Orkuveita Reykjavíkur. Með því er OR og starfsfólk þess ekki að tilgreina réttilega fyrir hvaða lögaðila (firmaheiti) það komi fram gagnvart viðskiptamönnum sínum, dómstólum og stjórnvöldum.

Þar sem uppfærð útgáfa heildarstefnu OR breytir ekki framangreindu standa fyrrnefndar athugasemdir óhaggaðar um þetta atriði.

### **Raforkusala um allt land**

Í fyrrnefndri heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur er enn fremur kveðið á um raforkusölu um allt land í kafla sem ber heitið Viðskiptaáherslur og starfsemi í heildarstefnu OR. Þessi stefna OR um raforkusölu er sögð vekja athygli í áður nefndri umsögn borgarritara og undirritaðrar, dags. 8. apríl 2024, um heildarstefnu OR, í ljósi þess að megin starfssvæði OR er Suðvesturland samkvæmt eigendastefnu OR en þar er enn fremur mælt fyrir um að tækifæri annars staðar á landinu þarfnist staðfestingar eigenda OR.

Í uppfærðri útgáfu af heildarstefnu OR er varðandi þessa athugasemd ekki talin ástæða til að breyta fyrrnefndri umfjöllun heldur vísar OR í áður nefndu tölvuskeyti sem fylgdi henni til raforkulaga frá árinu 2003 og framkvæmdar þeirra laga varðandi sölu á raforku. Í framhaldinu var aflað upplýsinga frá OR um þessa framkvæmd. Í viðbótar skýringum OR er vísað til þágildandi IV. bráðabirgðaákvæðis raforkulaga nr. 65/2003. Ákvæðið mælti fyrir um að frá og með 1. janúar 2007 ættu allir að geta valið þann raforkusala sem þeir kysu. Jafnframt var í bráðabirgðaákvæðinu kveðið á um að dreifiveitum væri skylt að selja raforku til þeirra notenda sem ekki ættu þess kost að velja sér raforkusala sökum ákvæðisins. Í viðbótar skýringum OR kemur fram að frá og með þeim degi, þ.e. 1. janúar 2007, hafi OR, síðan Orka náttúrunnar (hér eftir ON) frá árinu 2014, selt raforku til notenda um allt land. Að máti OR og ON hafi ávallt verið litið svo á að umrædd heimild til sölu raforku á grundvelli raforkulaga hafi jafnframt falið í sér skyldu til þess sama. Þannig virðast OR og ON hafa verið þessarar skoðunar þrátt fyrir að skylda til raforkusölu hafi samkvæmt orðanna hljóðan ákvæðisins einungis verið bundin við dreifiveitur og þá notendur sem ekki ættu þess kost að velja raforkusala. Þar sem þessi sala OR og síðar ON hafi verið komin til framkvæmda áður en eigendastefna OR tók gildi telji OR að tilgreina hefði þurft það sérstaklega í eigendastefnu OR hefði ætlun eigenda verið sú að setja hömlur á umrætt fyrirkomulag þrátt fyrir þágildandi skipulag raforkumarkaðar samkvæmt raforkulögum.



Umrætt bráðabirgðaákvæði raforkulaga var fellt úr gildi með lögum nr. 19/2011, sbr. 16. gr., en í athugasemd í greinargerð með frumvarpi því er varð að þeim lögum kemur fram að ákvæðið hafi þá verið orðið úrelt og ekki haft sjálfstætt gildi lengur.

Varðandi eigendastefnu OR, þá var í stefnunni er hún var fyrst samþykkt 19. júní 2012 líkt og í gildandi stefnu, mælt fyrir um að megin starfssvæði OR skyldi vera Suðvesturland og að tækifæri annars staðar skyldi bera undir eigendur, sbr. grein 3.5, áður en stofnað væri til skuldbindinga vegna þeirra.

Með hliðsjón af framangreindum viðbótar skýringum frá OR er fallið frá umfjöllun í fyrirnefndri umsögn borgarritara og borgarlögmans um að áform OR um raforkusölu um allt land vekji athygli þar sem OR virðist hafa litið á það sem skyldu sína að selja raforku um allt land frá og með 1. janúar 2007 að telja.

Þorsteinn Gunnarsson

Ebba Schram

Til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur

SFP/ES  
Reykjavík 19. janúar 2024

## Tillaga

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

## Greinargerð

Á fundi stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur þann 23. október 2023 var ofangreind samþykkt bókuð. Fyrir fundinn var lagt fram til kynningar stofnsamþykktar-form fyrir Orkuveitu Reykjavíkur frá Reykjavíkurborg og minnisblað Elínar Smáradóttur, dags. 23. október 2023 um tillögu að stofnsamþykktum Orkuveitu Reykjavíkur.

Í minnisblaðinu segir:

Borgarritari hefur sent Orkuveitu Reykjavíkur drög að svokölluðum stofnsamþykktum fyrir fyrirtækið, en Reykjavíkurborg hefur á grundvelli eigendastefnu borgarinnar um fyrirtæki í hennar eigu lagt áherslu á að setja samræmdar stofnsamþykktir fyrir fyrirtækin.

Um Orkuveitu Reykjavíkur (OR) gilda lög nr. 136/2016, í gildi er sameignarsamningur eigenda, sem síðast var uppfærður árið 2014, auk eigendastefnu eigenda fyrirtækisins, sem einnig var uppfærð síðast árið 2014.

Fyrirbyggjandi drög að stofnsamþykktum byggja á því að um hlutafélög sé að ræða en OR er sem kunnugt er sameignarfyrirtæki. Í gegnum tíðina hefur oft verið rætt um kosti þess að breyta félagsformi OR, þannig að það verði opinbert hlutafélag og er skoðun á því í gangi. Til þess þyrfti breytingu á lögum um OR og rætt hefur verið um fleiri lagabreytingar vegna skattalegra ástæðna.

Einnig þyrfti að endurskoða og breyta sameignarsamningi og eigendastefnu OR til að samræma drögum að stofnsamþykktum, því efni draganna er í mörgum atriðum í ósamræmi við gildandi ákvæði sameignarsamnings og eigendastefnu. Eigendur þyrftu að sammælast um slíkar breytingar, því eins og segir í eigendastefnunni er hún *samstarfssáttmáli eigenda og verða ekki gerðar á henni breytingar nema í samkomulagi þeirra, samþykktar af sveitarstjórn og staðfestar á eigendafundi*. Það er af mörgum ástæðum tímabært að gera breytingar á eigendastefnunni og hafa handhafar eigendavalds rætt það á eigendafundum, en vinnan hefur ekki hafist.

Lagt er til að stjórn OR samþykki að skora á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

# Stefna Orkuveitunnar

16. janúar 2024 – Samþykkt stefna



# Fylgt úr hlaði

Orkuveitan og dótturfélög hafa gegnt afar mikilvægu hlutverki í þágu samfélagsins í náinni tengingu við náttúru jarðar.

Hæfni og þekking starfsfólks hefur í áranna rás verið lykill að framþróun í þágu samfélagsins. Framsýni og nýsköpun hefur verið okkar einkenni, enda lítum við á okkur sem yfir 100 ára frumkvöðul.

Nú hefst nýtt tímabil þar sem við öll munum láta til okkar taka við brýn verkefni sem við blasa og **vera aflvaki sjálfbærrar framþróunar.**

Starfsemi og starfsfólk þarf að halda áfram að vera framsýnt í síbreytilegu umhverfi og tilbúið að grípa tækifæri og mæta áskorunum framtíðar.

Mótuð hefur verið stefna með aðstoð KPMG, með aðkomu starfsfólks og í samráði við dótturfélög.

Í samstæðunni er fjölbreytt starfsemi en sameiginleg leiðarljós. Dótturfélög munu þróa sínar stefnur og áherslur í samræmi við og til stuðnings nýrri stefnu.

Heildarstefna Orkuveitunnar er unnin á grunni eigendastefnu fyrirtækisins og byggir á henni. Útfærslur verða svo m.a. í undirstefnum, sem tilgreindar eru í eigendastefnu.

Þörf er á að eigendastefna og framtíðarsýn Orkuveitunnar styðji hvor við aðra. Það verður spennandi verkefni að fylgja því eftir.

Fjölbreytt verkefni verða sett af stað til að styðja við innleiðingu og framgang stefnunnar og starfsfólk verður virkjað til áhrifa. Verkefnin taka svo breytingum yfir tíma.

Framkvæmd og innleiðing stefnu í alla starfsemi er lykilatriði og að stefnan styðji við og fléttist saman við alla daglega starfsemi.



Sævar Freyr Þráinsson  
Forstjóri

# Sagan er innblástur

Orkuveitan stendur á sterkum grunni forvera sinna.

Stórhugur og framsýni á undangengnum áratugum hafa lagt grunn að auknum lífsgæðum á stafrssvæði Orkuveitunnar.

Í gegnum árin hafa þó skipst á skin og skúrir. Stafrsemin hefur nú þróa stíöfluga og fjölbreytta samstæðu sem er í staðk búin til að láta gott afsér leiða fyrir samfélagið.

Styrkur samstæðunnar, lærdómur sögunnar og þekking stafrsfólks er innblástur til að móta stefnu og varða leiðina til framtíðar.



# Áskoranir og tækifæri

## Tækniþróun

- Nýir valkostir í orkuframleiðslu
- Stafræn tækni
- Gervigreind
- Netöryggismál

## Samkeppni um starfsfólk

- Aukin samkeppni á atvinnumarkaði um hæft starfsfólk
- Laða að og halda í hæft starfsfólk
- Stefna og starfsemi höfðar til fólks

## Loftslagsvá

- Ákall um aðgerðir til að draga úr losun og sporna við hlýnun jarðar
- Tímabressa viðbragða
- Aðlögunaraðgerðir

## Vöxtur samfélaga

- Aukin eftirspurn eftir allri þjónustu
- Íbúafjöldun fylgir breytt búseta og þörf fyrir ný hverfi
- Breytingar á samgöngum
- Nýjar og vaxandi atvinnugreinar
- Ákall um grænar lausnir og nýsköpun

## Orkuskipti

- Ákall um orkuskipti – þörf á aukinni orku til að skipta út jarðefnaeldsneyti
- Almenn eftirspurn eftir orku eykst stöðugt
- Ákvarðanir um forgangsröðun í fjárfestingum og sölu

## Auknar kröfur

- Eigendur, neytendur, fyrirtæki og sveitarfélög
- Stefnur og lög
- Lánveitendur og fjárfestar
- Varnir gegn öryggis- og náttúruvá
- Aukið samstarf við lausn stórra verkefna og áskorana




Framtíðarsýn:

**Við erum aflvaki  
sjálfbærrar framtíðar**

# Stefna og metnaður

- Saga og velgengni Orkuveitunnar byggir á nýsköpun og framsýni – við höldum áfram á þeirri braut.
- Áskoranir og tækifæri blasa við þegar horft er til loftslagsbreytinga, orkumála og tengdra þátta. Til að taka stá við þessi brýnu og stóru verkefni þarf öflugt samstarf ólíkra aðila.
- Metnaður okkar stendur til þess að vinna afkræfti í samstarfi með öðrum, í orku, veitum og tengdri nýsköpun, til að félagið sjálf og viðskiptavinir þess geti stutt við sjálfbæra framþróun samfélagsins.
- Metnaður okkar snýr að frámúrskara ndi þjónustu við fjölbreytta viðskiptavini, starfsemi í sátt við náttúrujarðar, ábyrgri liðsheild, ~~góðum skilvirkum~~ stjórna háttum og starfsemi n öll stuðli að hagsæld.
- Þannig leggjum við grunn að auknum lífsgæðum fyrir öll.



# Viðskiptaáherslur og starfsemi

## Móðurfélag

### Orka

#### Öflun og sala orku

Ábyrg ra forku- og varma vinnsla

Ra forkusa la um a llt la nd

Forgangsröðun ra forku í orkuskipti og uppbyggingu á grænni framtíð heimila og atvinnulífs

### Gróska

Þróun á sviði orku, veitna og tengdrar starfsemi – uppspretta nýrra lausna og starfsemi


Nýjar lausnir, nýir markaðir, sprota r og vaxta rfyirtæki

Blandað eigna rha ld í ákveðnum tilvikum – ekki í sérleyfisstarfsemi

Gagna veita – a llt la nd ið

Kolefnisb ind ing – a llur he imurinn

Ný samvinnuverkefni



Mótun stefnu og framkvæmd í samstarfi innan samstæðu Skýr mörkun (e. branding) – fyrir fyrirtæki samstæðunnar - skoða að nota “Orkuveitan” í öllu efnitengt móðurfélagi, vörumerkið Orkuveitan tekið upp en felur ekki í sér breytingu á lögförmlegu heiti Orkuveitu Reykjavíkur. Miðlæg starfsemi og gagnkvæm samvinna með dótturfélögum:

- Rannsóknir og nýsköpun
- Menning og mannaúður
- Fjármál
- Snjöll og stafræn framþróun
- Sjálfbærni

### Veita

#### Uppbygging og rekstur veitukerfa

Hjá Veitum er áhersla á kjarna starfsemi

Aflvaki orkuskipta og uppbyggingar á grænni framtíð heimila og atvinnulífs

Nýjar lausnir og framþróun í átt að aukinni sjálfbærni - ný nálgun við ný hverfi og stærri endurbætur

# Gildin okkar:

- Heiðarleiki
- Hagsýni
- Framsýni
- Frumkvæði

# Stefnuáherslur

Stefnan byggist á fjórum áherslum sem allar styðja hver við aðra

Fyrir viðskiptavininn

Árangurs miðuð liðsheild  
og ábyrgur rekstur

Aukið framboð og  
sjálfbærar lausnir

Nýsköpun og  
öflugt samstarf





# Fyrir viðskiptavininn

Við sköpum virði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina, setjum okkur í þeirra spor, erum snjöll og veitum frá múrskara ndi þjónustu.

## Markmið:

### Ánægðir viðskiptavinir

- Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð

### Snjöll og örugg þjónusta

- Einföld, upplýsandi og þægileg/aðgengileg fyrir viðskiptavinistafræn en mannleg

### Fjölbreytt viðskipti

- Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærri framtíð

# Fyrir viðskiptavininn

Við sköpum virði fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina, setjum okkur í þeirra spor, erum snjöll og veitum frá múrskara ndi þjónustu.

## Markmið:

### Ánægðir viðskiptavinir

- Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð

### Snjöll og örugg þjónusta

- Einföld, upplýsandi og aðgengileg fyrir viðskiptavini - stafræn en mannleg

### Fjölbreytt viðskipti

- Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærri framtíð

## Lykilþættir við framkvæmd:

- Stöðugar umbætur til að mæta þörfum ólíkra viðskiptavina hópa í nánustu samstarfi innan samstæðu
- Nýting stafrænnar tækni til að bæta upplifun og þjónustu til viðskiptavina
- Öflug viðskiptaþróun og -tengsl sem skili virðisauka til fjölbreytts hóps viðskiptavina og eflum leiðviðnámsþrótt samstæðunnar

# Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Við erum forystuafl í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð – styðjum við alþjóðlega skuldbindingu um að draga úr hlýnun jarðar, auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í heiminum og bæta orkunýtni.

Við styðjum vaxandi samfélög, heimili og atvinnulíf með auknu framboði í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu.

Við erum sterk rödd í samtalum stefnu og þróun skilvirks regluverks.

## Markmið:

### Aukin orkuframleiðsla

Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum

Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs

### Ábyrg auðlindanýting

Hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa með því vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi

Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi

### Öflug veitukerfi

Arðbærar og hagkvæmar háhraðatengingar í boði

Tryggja að veitukerfi styðji við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun

### Kolefnishlutleysi

Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið

Alþjóðleg uppbygging Carbfix

# Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Við erum forystuafl í orkuskiptum og þróun í átt að kolefnishlutlausri framtíð – styðjum við alþjóðlega skuldbindingu um að draga úr hlýnun jarðar, auka framleiðslu endurnýjanlegrar orku í heiminum og bæta orkunýtni. Við styðjum vaxandi samfélög, heimili og atvinnulíf með auknu framboði í orku, veitustarfsemi og kolefnisbindingu. Við erum sterk rödd í samtafli um stefnu og þróun skilvirks regluverks.

## Markmið:

### Aukin orkuframleiðsla

- Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum. Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs

### Ábyrg auðlindanýting

- Hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi
- Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi

### Öflug veitukerfi

- Arðbærar og hagkvæmar háhraðatengingar í boði um
- Tryggja að veitukerfi styðji við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun

### Kolefnishlutleysi

- Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið
- Alþjóðleg uppbygging Carbfix

## Lykilþættir við framkvæmd:

- Markvisst unnið að orkuskiptum, samdrætti í notkun jarðfna eldsneytis, sporléttari virðisdeðju og bindingu kolefnis í andrúmslofti
- Fjölbreytt og aukin raforkuframleiðsla kallar á ítarlegan undirbúning, faglegt viðskipta- og áhættumat auk ábyrgar auðlinda stýringar þar sem m.a. er horft til þolmarka náttúrunnar og eflingar líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa, þróun orkukosta sem eru minna ágengir og samstarf við öflug aðila.
- Ný nálgun, fræðsla og samstarf við viðskiptavini miðar að því að auka hringrás og viðhalda auðlindum til lengri tíma

# Nýsköpun og öflugt samstarf

Við erum leiðandi í nýsköpun og eftirsótt til samstarfs. Við vinnum með eigendum, öðrum sveitarfélögum, heimilum og atvinnulífinu í átt að sjálfbærri framtíð með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi.

## Markmið:

### Virðisaukandi lausnir

- Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagaðila í átt að sjálfbærri framtíð
- Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu

### Kvik og hröð innleiðing

- Nýjar hugmyndir raungeraðst með hröðum og skilvirkum hætti

### Árangursríkt samstarf

- Hröðun fráþróunar
- Samvinna um stærri verkefni
- Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi

# Nýsköpun og öflugt samstarf

Við erum leiðandi í nýsköpun og eftirsótt til samstarfs. Við vinnum með eigendum, öðrum sveitarfélögum, heimilum og atvinnulífinu í átt að sjálfbærri framtíð með gagnkvæman ávinning að leiðarljósi.

## Markmið:

### Virðisaukandi lausnir

- Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagaðila í átt að sjálfbærri framtíð
- Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu

### Kvik og hröð innleiðing

- Nýjar hugmyndir raungerast með hröðum og skilvirkum hætti

### Árangursríkt samstarf

- Hröðun framþróunar
- Samvinna um stærri verkefni
- Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi

## Lykilþættir við framkvæmd:

- Skapa vettvang og svigrúm þar sem samstarf, með þekkingu, fjármagni og eignarhaldi, getur afsér nýjar lausnir, tengt kjarna starfsemi Orkuveitunnar og þróun grænnar atvinnuuppbyggingar
- Slíkum lausnum sé komið í framkvæmd í samstarfi Orkuveitunnar og ytri aðila, eftir því sem við á, með öruggum og hröðum hætti

# Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Við erum metnaðarfull, kvik og fjölbreytt liðsheild sem skilar sér í skilvirkum og traustum rekstri. Velliðan, vöxtur og metnaður hvers einstaklings er nátengd metnaði og markmiðum. Við vinnum markvisst að alþjóðlegri samkeppnishæfni samstæðunnar með þróun og eflingu þekkingar og hæfni starfsfólks sem fær umboð til ákvarðana og áhrifa.

## Markmið:

### Fjölbreytt liðsheild

- Forystuafli fjölbreytileika og jafnréttis
- Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar
- Öruggur og inngildandi vinnustaður

### Skilvirk og snjöll

- Stafræn-hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni
- Skilvirkir og snjallir innviðir sem mæta ólíkum þörfum

### Traustur rekstur

- Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur **í samræmi við kröfur eigenda um arðsemi eigin fjár að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar lítið. sem skilar eðlilegum arði til eigenda.**
- Öflug áhættustjórnun
- Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs

### Framsýn forysta

- Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar
- Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar
- Gagna- og innsæisdrifnar ákvarðanir auka skilvirkni og framleiðni

# Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Við erum metnaðarfull, kvik og fjölbreytt liðsheild sem skilar sér í skilvirkum og traustum rekstri. Vellíðan, vöxtur og metnaður hvers einstaklings er nátengd metnaði og markmiðum. Við vinnum markvisst að alþjóðlegri samkeppnishæfni samstæðunnar með þróun og eflingu þekkingar og hæfni starfsfólks sem fær umboð til ákvarðana og áhrifa.

## Markmið:

### Fjölbreytt liðsheild

- Forystuafli fjölbreytileika og jafnréttis
- Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar
- Öruggur og inngildandi vinnustaður

### Skilvirk og snjöll

- Stafræn hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni
- Leiðandi í skilvirkum og snjóllum innviðum sem mæta ólíkum þörfum

### Traustur rekstur

- Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur **í samræmi við kröfur eigenda um arðsemi eigin fjár að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar lítið. ~~sem skilar eðlilegum arði til eigenda.~~**
- Öflug áhættustjórnun
- Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs

### Framsýn forysta

- Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar
- Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar
- Gagna- og innsæisdrifnar ákvarðanir auka skilvirkni og framleiðni

## Lykilþættir við framkvæmd:

- Umboð til athafna og stuðningur við starfsfólk til að vaxa og þróast í starfi til að takast á við áskoranir í sibreytilegu umhverfi
- Ábyrg stjórnun og áhættustýring byggir á þekkingu, tækni og gögnum og skilar sjálfbærum rekstri
- Framsýn menning og metnaðarfull liðsheild skilar sér í árangri og eftirsóttum vinnustað




# Viðauki 1:

## Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Eigendastefna Orkuveitunnar er leiðbeinandi um alla stefnumótun í samstæðu og órjúfanlegur hluti hennar.

Allar undirstefnur í samstæðunni enda á „... er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.“

# Eigendastefna OR er leiðbeinandi um alla stefnumótun í samstæðu



## Álit innri endurskoðunar 2018

„Stjórn OR og dótturfélag og stjórnendur leiða eigenda stefnuna markvisst í gegnum allar skipulagsheildir með heildarstefnu og útfærðum stuðningsstefnum sem sæta árlegri rýni á vettvangi stjórnar móðurfélagsins og stjórna dótturfélaganna. Þannig hefur verið **lagður grunnur að stefniðaðri stjórnun innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og sú heildarstefnumótun sem farið hefur fram er til þess fallin að styrkja eftirlitsumhverfi fyrirtækisins.**“

# Markmið og tenging við eigenda stefnu og stuðningsstefnur

Fyrir viðskiptavininn			
	Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
	<b>Ánægðir viðskiptavinir</b> Ánægja viðskiptavina mælist í fremstu röð	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í leiðarljósi eigenda stefnu segir: "...Fyrirtækið ber haðgæðingarsins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavina á fvirðingu."</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæðastefna</li> <li>Sjálfbærni stefna</li> </ul>
	<b>Snjöll og örugg þjónusta</b> Einföld, upplýsandi og þægileg/ aðgengileg fyrir viðskiptavini - stafræn en mannleg	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um hlutverk segir: "...Orkuveita Reykja vikur skal tryggja viðskiptavinum þjónustu á samgjöf og samkeppnishæfu verði."</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upplýsinga tækni stefna</li> <li>Stefna um upplýsinga öryggi og persónuvernd</li> <li>Gæðastefna</li> </ul>
	<b>Fjölbreytt viðskipti</b> Fjölbreyttir viðskiptavinir, þjónusta og markaðir sem skilar virðisaukningu og sjálfbærni framtíð	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í leiðarljósi segir: "...Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem traustsamstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu."</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Gæðastefna</li> <li>Sjálfbærni stefna</li> </ul>

# Markmið og tenging við eigenda stefnu og stuðningsstefnur

Aukið framboð og sjálfbærar lausnir		
Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
<b>Aukin orkuframleiðsla</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sjálfbær og fjölbreytt orkuframleiðsla aukin umtalsvert í markvissum skrefum. Aukin varmaframleiðsla til að mæta þörfum heimila og atvinnulífs</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um ákvarðanir sem hljóta skulu samþykki eigenda segir: „Áform um virkjanir eða aðra nýtingu auðlinda á öröskuðum svæðum, sem og þær framkvæmdir, sem krefjast mats á umhverfisáhrifum, hvort sem svæðin eru í eigu Orkuveitu Reykja víkur eða annarra, teljast til veiga mikilla og stefnumarkandi ákvarðana og skulu því koma til kastra eigenda.“</li> </ul>	Sjálfbærnistejna
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í leiðarljósi segir: „Eigendur vilja að lítið verði til fyrirtækisins sem traustsamtasta rfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veigamiklu hlutverki í samfélaginu.“</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um kjarna starfsemi segir: „Kjarna starfsemi Orkuveitu Reykja víkur felst í rekstri vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu, sölu og framleiðslu á rafmagni og heitu og köldu vatni.“</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um áhættu í rekstri segir: „Orkuveitu Reykja víkur ber að setja sér áhættustefnu til að draga sem kostur er úr áhrifum ytri fjárhagslegra áhættuþátta á tekjur, þjónustu, eignir og skuldir fyrirtækisins. Áður en ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar og fjárskuldbindingar ber Orkuveitu Reykja víkur að meta áhættu sem í þeim kann að felast.“</li> </ul>	Áhættustefna
<b>Ábyrg auðlindanýting</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hámarka líftíma auðlinda, lágmarka umhverfisáhrif og standa með því vörð um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi</li> <li>Brautryðjandi í hringrás í orku- og veitustarfsemi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um hlutverk OR segir: „Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbæran og hagkvæman hátt og af virðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.“</li> </ul>	Sjálfbærnistejna
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um umhverfi og auðlindanýtingu segir: „Orkuveita Reykja víkur skal leita stvið að bæta nýtingu auðlinda og aðfanga í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar.“</li> </ul>	Sjálfbærnistejna
<b>Öflug veitukerfi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Arðbærar og hagkvæmar háhraða tengingar í boði</li> <li>Veitukerfi styðja við uppbyggingu, orkuskipti og sjálfbæra þróun</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Meginstarfssvæði Orkuveitu Reykja víkur er Suðvesturland. Tækifæri annars staðar eru skoðuð út frá hlutverki fyrirtækisins, arðsemi og áhættu og skulu staðfest af eigendum áður en stofnað er til skuldbindinga vegna þeirra.</li> </ul>	Sjálfbærnistejna Arðsemistejna
<b>Kolefnishlutleysi</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vottað kolefnishlutleysi 2040 miðað við bestu viðmið</li> <li>Alþjóðleg uppbygging Carbfix</li> </ul>		Sjálfbærnistejna

# Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Nýsköpun og öflugt samstarf			
	Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefna
	<b>Virðisaukandi lausnir</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýjar virðisaukandi lausnir fyrir hagskila í átt að sjálfbærri framtíð</li> <li>Þróun og nýsköpun núverandi lausna til að hámarka líftíma auðlinda og bæta nýtingu</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um hlutverk segir: „Orkuveita Reykjavíkur er orku- og veitufyrirtæki sem leggur grunn að lífsgæðum í þeim sveitarfélögum sem hún þjónar. Hún nýtir auðlindir á ábyrgan, sjálfbær og hagskæman hátt og afvirðingu fyrir náttúrunni án þess að ganga á rétt komandi kynslóða.“</li> </ul>	Sjá lfbærni stefna
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Um umhverfi og auðlinda nýtingu segir: „Orkuveita Reykjavíkur skal leita stíð að bæta nýtingu auðlinda og aðfanga í samræmi við sjónarmið sjálfbærrar þróunar.“</li> </ul>	Sjá lfbærni stefna
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Í lögum um OR segir um nýsköpun í 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. Um kjarna starfsemi: “Einnig hefur Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélag með höndum starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækja nna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarna starfsemi fyrirtækisins, þ.m.t. geymslu koldíoxíðs og annarra vatnsleysa nlegra gasteunda í jörðu.“</li> </ul>	
	<b>Kvik og hröð innleiðing</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Nýjar hugmyndir ungera st með hröðum og skilvirkum hætti</li> </ul>		
	<b>Árangursríkt samstarf</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hröðun framþróunar</li> <li>Samvinna um stærri verkefni</li> <li>Gagnkvæmur ávinningur af samstarfi</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í leiðarljósi segir: „Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veiga miklu hlutverki í samfélaginu.“</li> </ul>	
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Í leiðarljósi segir: „Orkuveita Reykjavíkur kemur fram af heilindum og trausti og rækir samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni. Fyrirtækið ber hagsamfélagins fyrir brjósti og umgengst náttúruna, auðlindir og viðskiptavinum afvirðingu. Eigendur vilja að litið verði til fyrirtækisins sem trausts samstarfsaðila, sem eftirsóknarvert sé að starfa fyrir og með og að það gegni veiga miklu hlutverki í samfélaginu.“</li> </ul>	

# Markmið og tenging við eigendastefnu og stuðningsstefnur

Árangursmiðauð liðsheild og ábyrgur rekstur			
	Markmið	Eigendastefna	Stuðningsstefnur
	<b>Fjölbreytt liðsheild</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Forystuafl fjölbreytileika og jáfnrættis</li> <li>Starfsfólk nýtir hæfileika sína við umbreytingu og framþróun starfseminnar</li> <li>Öruggur og inngildandi vinnustaður</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um stefnumótun segir að stjórn skuli móta stefnu í jáfnrættis- og mannaúðsmálum og um starfskjör.</li> </ul>	Mannaúðsstefna Jáfnrættisstefna Starfskjara stefna
	<b>Skilvirk og snjöll</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Starfræn hæfni er drifkraftur aukinnar framleiðni, ánægju viðskiptavina og samkeppnishæfni</li> <li>Leiðandi í skilvirkum og snjöllum innviðum sem mæta ólíkum þörfum</li> </ul>		Gæðastefna
	<b>Traustur rekstur</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur sem skilar eðlilegum arði til eigenda</li> <li>Öflug áhættustjórnun</li> <li>Skýr ábyrgð, mæling og eftirfylgni árangurs</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Um fjárhagsleg markmið segir: „Stjórn Orkuveita Reykja víkur skal gera tillögu til eigenda fundar um aðgreiðslustefnu sem felur í sér að arður er að jafnaði greiddur út til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.“</li> </ul>	Arðsemisstefna Aðgreiðslustefna
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Um áhættu í rekstri segir: „Orkuveitu Reykja víkur ber að setja sér áhættustefnu til að draga sem kostur er úr áhrifum ytri fjárhagslegra áhættuþátta á tekjur, þjónustu, eignir og skuldir fyrirtækisins. Áður en ákvarðanir eru teknar um fjárfestingar og fjárfskuldbindingar ber Orkuveitu Reykja víkur að meta áhættu sem í þeim kann að felast.“</li> </ul>	Áhættustefna
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Um fjárhagsleg markmið segir: „Orkuveita Reykja víkur skal innleiða mælikvarða sem sýna hvernig arðsemiskröfu eigenda er mætt að teknu tilliti til áhættu þeirra af ábyrgðum vegna fyrirtækisins. Skall arðsemiskrafán greind eftir starfsþáttum, áhættu hvers starfsþáttar og fjárfögnun hans. Tillauga stjórnar og greinargerð um arðsemi- og fjárhagsmælikvarða skal lögð fyrir eigenda fund til staðfestingar.“</li> </ul>	Arðsemisstefna Áhættustefna
	<b>Framsýn forysta</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>Sveigjanleg og framsýn liðsheild sem grípur tækifæri og mætir áskorunum framtíðar</li> <li>Stuðningur við þróun þekkingar og hæfni starfsfólks í samræmi við þarfir framtíðar</li> <li>Gagna- og innsæisdrijfær ákvarðanir auk skilvirkni og framleiðni</li> </ul>		Mannaúðsstefna

# Viðauki 2:

## Mælikvarði á markmið

Mótast í framhaldi af nánari vinnu stjórnar og stjórnenda og verður að fá samþykki eigenda er sú vinna liggur fyrir



# Mælikvarðar

Útfærsla á mælikvörðum og greinargerð  
verður lögð fyrir eigenda fund til  
staðfestingar.

Stefnt að því að þeirri vinnu ljúki á  
vormánuðum 2024

# Viðauki 3:

## Aðgerðaráætlun – fyrstu drög

Mótast í framhaldi með breiðri þátttöku starfsfólks –  
reglulega endurmótað í samræmi við þróun og  
aðstæður

# Vörður að framtíðarsýn

## Fyrir viðskiptavininn

	Markmið	Verkefni	Forgangur
	<b>Ánægðir viðskiptavinir</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áætlan dótturfélaganna til næstu / þriggja ára um markmið og aðgerðir tengd á nægju viðskiptavina – m.a. varðandi haðkvæma, örugga og hraða þjónustu og svartíma erinda – yfirfarin árlega.</li> </ul>	
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Breytileg gjaldskrá eftir álagi og notkun.</li> </ul>	
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Samstarf með viðskiptavininum um bættar orkunýtingu</li> </ul>	
	<b>Snjöll og örugg þjónusta</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Áætlan til næstu / þriggja ára unnin í samstarfi Orkuveitunnar og dótturfélaganna um hagnýtingu og innleiðingu tækni- og stafrænnalausna til að bæta upplifun viðskiptavina – yfirfarin árlega.</li> </ul>	
		<ul style="list-style-type: none"> <li>Orkuframléiðsla og –sala í báðar áttir</li> </ul>	
	<b>Fjölbreytt viðskipti</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öflug viðskiptaþróun og tengsl hjá öllum viðskiptaeyingum – m.a. samskipti við viðskiptavini, greining á framtíðarþörfum, auknum viðnámsþrótti, tækifærum og áhættum.</li> </ul>	

# Vörður að framtíðarsýn

## Aukið framboð og sjálfbærar lausnir

Markmið	Verkefni	Forgangur
Aukin orkuframleiðsla	• Markviss undirbúningur; raunnsóknir, skilvirk öflun leyfa og réttinda	
	• Nýting fjölbreyttra orkukosta fyrir raforku og varma	
	• Uppbygging orkuvera í samstarfi með öðrum eftir því sem hægt er	
Ábyrg auðlindanýting	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára um nýtingu og hringrás – yfirfarin árlega	
	• Fræðsla og stuðningur við viðskiptavini til bættar nýtingar og umgengni við auðlindir	
	• Þróa nýjar leiðir til bættar auðlindanýtingar	
Öflug veitukerfi	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára – yfirfarin árlega	
	• Öflugt og tímanlegt samstarf við samfélög og atvinnulíf	
	• Hreinsun frá veitu og aðskilnaður strauma í nýjum veitum	
Kolefnishlutleysi	• Aðgerðaáætlun allra eininga til næstu / fimm ára í loftslagsmálum – yfirfarin árlega	
	• Markvisst unnið að sporlétta virðisdeðju	

# Vörður að framtíðarsýn

## Nýsköpun og öflugt samstarf

Markmið	Verkefni	Forgangur
Virðisaukandi lausnir	• Efla nýsköpun við þróun og mótun virðisaukandi lausna	
	• Laða að þekkingu og nýta styrk, innri sem ytri aðila, til eflingar rannsóknar og nýsköpunar	
Kvik og hröð innleiðing	• Skýra ferla og nýta drifkraft stafrófsfólks til árangursríkrar innleiðingar lausna og tækniþróunar – frá hugmynd til gagnýtingar	
	• Lærdómur og bestu viðmið við innleiðingu breytinga og nýjunga og samstarf við ytri aðila	
Árangursríkt samstarf	• Koma á samstarfi við öflug aðila tengt stærri verkefnum s.s. þekkingu, fjármögnun og eignarhald	
	• Samstarfum þróun orku- og veitukerfa	
	• Markviss tengsla myndun og virkt samstarf með hagskilum, viðskiptavinum og samstarfsaðilum, s.s. með ráðgjöf og miðlun upplýsinga til að þroska hugmyndir og lausnir	
	• Samstarf við viðskiptavini, með sérstaka áherslu á græna iðngarða, loftslagsgarða og aðra sem stuðla að sjálfbærri framtíð	

# Vörður að framtíðarsýn

## Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur

Markmið	Verkefni	Forgangur
Fjölbreytt liðsheild	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsfólk fær umbod og tækifæri til að vaða og hafa áhrif</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Efling hæfileika í taekt við framtíðarþarfir laða að og halda framúrskarandi fólki</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjölbreytileiki starfa aukinn með sérstakri áherslu á fjárfretti kynja</li> </ul>	
Skilvirk og snjöll	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innleiða kvika (e. agile) menningu og ferla í alþjóðlegu og sveigjanlegu starfsumhverfi</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Stærð umbreyting, gervigreind og önnur ný tækni nýtt til að hámarka árangur</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjárfest í þróaðri tækni og gagnagæðum til að efla og mæla frammiðstöðu, heilgun og framleiðni</li> </ul>	
Traustur rekstur	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samstilling – stefna og aðgerðir sem fylgja fjárhagsáætlun innan samstæðu hjá stjórnendum</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Leiðtoga r stýra á hættum og setja stöðu og þróun rekstrar í brennidepil með skýrum mælingum</li> </ul>	
Framsýn forysta	<ul style="list-style-type: none"> <li>Góðir stjórnarhættir <del>Fyrirmyndarstjórnarhættir</del>, uppfærð eigenda stefna og skipurit sem styður við áskoranir á skilvirkan hátt</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Öflug liðsheild þvert á samstæðu</li> </ul>	
	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ekkert kyn meira en 60% í stjórnenda teymum</li> </ul>	

# Viðauki 4:

## Endurmörkun á vörumerki

Til að endurspeglar áherslur Orkuveitunnar í nýrri stefnu birtist vörumerki og ásýnd fyrirtækisins með nýjum hætti

en lögformlegt firmaheiti fyrirtækisins breytist ekki. Sú

ásýndarbreyting endurspeglar skuldbindingu

Orkuveitunnar til að vera aflvaki breytinga sem hvetja til nýsköpunar og framfara í samfélaginu



# Orkuveitan

Í framtíðarsýn og stefnu Orkuveitunnar er lögð áhersla á sjálfbærni, nýsköpun, samstarf og framtíðarhugsun með hæg viðskiptavina og samfélagsins að leiðarljósi. Með því að nýta orkunáttúrunnar, skapaandi orku mannlífsins og frumkvöðla orku starfseminnar skipar Orkuveitan sér í fremstu röð við að knýja áfram samfélög með sjálfbærum hætti.

Orkuveitan er hundrað ára frumkvöðull. Saga Orkuveitunnar er samtvinnuð sögu framfara og framsýni í íslensku samfélagi og innblástur endurmörkunarinnar var sóttur bæði í ríka arfleidd og framtíðarsýn.



**Innblástur** nýs merkis er sóttur í hreyfingu og samstarf Orkuveitunnar við viðskiptavini sína og samstarfsaðila. Merkið byggir á sterkri arfleidd Orkuveitunnar en lögun merkisins vísar í eldri útgáfur. Orkuveitan er grunnkraftur og aflvaki sem sér um að veita orku til metnaðarfullra viðskiptavina og samfélagsins alls. Nýtt merki er táknmynd þessarar sífelldu hreyfingar og er ætlað að vera táknmynd nýrra tíma sem byggir á sterkum grunni og er aflvaki framfara, nýsköpunar og samstarfs.

Græni liturinn setur margvíslega orku og sjálfbærni í forgrunn og staðsetur rótgróið fyrirtæki í fremstu röð frumkvöðlafyrirtækja með nútímalegum hætti.

Lögformlegt heiti Orkuveitunnar er áfram Orkuveita Reykjavíkur þrátt fyrir að í daglegu tali verði heitið Orkuveitan notað. Enskt heiti fyrirtækisins er Reykjavík Energy sem vísar í sterka tengingu við orku Íslands.

Í [vörumerkjahandbók Orkuveitunnar](#) er að finna leiðbeiningar um hvernig vörumerki Orkuveitunnar birtist á helstu snertiflötum .





[Stefna lögð fram á stjórnarfundum 28. október 2023]



Arðsemisstefna Orkuveitu Reykjavíkur (OR) felur í sér að starfspættir dótturfélaga skili viðunandi arðsemi. Þetta felur í sér að skilgreind eru arðsemismarkmið og vikmörk á ásættanlegri arðsemi starfspáttu að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu, sjálfbærniþiðmiða og viðráðanlegs verðs. Arðsemismarkmiðin og vikmörk tilgreindra starfspáttu gefa þannig til kynna hvort arðsemi sé of lág, viðunandi eða í tilfelli sérleyfisstarfsemi of há. Sé arðsemi utan viðmiðunarmarka skal grípa til mótverkandi aðgerða sbr. að neðan:

- **Óviðundandi arðsemi:** ef arðsemi er undir neðri mörkum þarf mögulega að hækka gjaldskrá og hagræða í rekstri. Ekki er heimilt að greiða út arð við þessar aðstæður.
- **Viðunandi arðsemi:** ef arðsemi er innan skilgreindra marka skal rekstri hagað þannig, m.t.t. rekstrarútgjalda og gjaldskrá, að arðsemi fari ekki út fyrir viðmiðunarmörk. Mögulegt rými er til staðar fyrir arðgreiðslur til eigenda að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu.
- **Arðsemi umfram kröfu:** ef arðsemi er yfir efri mörk skal kanna hvort ástæður séu til gjaldskrárlækkana í sérleyfisstarfsemi og/eða arðgreiðslna að uppfylltum arðgreiðsluskilyrðum, sjá nánar arðgreiðslustefnu. Samkeppnisstarfsemi er undanskilin þessum mörkum.



Stjórn samþykkir nánari útfærslu arðsemismarkmiða og viðmiðunarmarka fyrir hvern miðil/fyrirtæki.

Arðsemisstefna OR er ákvörðuð til samræmis við eigendastefnu OR.

## Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fram óbreytt í stjórn OR þann 31.10.2022]

Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárhlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar litið.

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningsskilum samstæðunnar og fjárhagsáætlun næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir

#### Frá og með 2019

1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

( Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna )

Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = ( Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda )

FFO = Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)

Nettó skuldir = Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna

FFO Vaxtaþekja = mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum

RCF = Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

#### Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna lögð fram óbreytt í stjórn OR þann [34235.49109.20223](#)]

Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur felur í sér að arðgreiðslur séu að jafnaði greiddar til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins.

Jafnframt skal arðsemi af rekstri samstæðunnar vera innan lágmarksviðmiðs um arðsemi sem kveðið er á um í arðsemistefnu félagsins. Stefna skal að viðvarandi og stöðugum arðgreiðslum til eigenda að því marki að þær ógni ekki [láns hæfi og fjárhagsstöðu](#) samstæðunnar til framtíðar lítið.

Fjárhagsskilyrðin, sem ákvörðuð eru hér að neðan, snúa meðal annars að stöðu og horfum eftirfarandi þátta: eiginfjárhlutfall, lausafjárstaða, skuldsetning, fjárfestingar og rekstur félagsins. Skilyrðin skulu uppfyllt áður en til arðgreiðslu kemur og að henni lokinni án þess að fjárhagslegum skilyrðum sé ógnað til framtíðar ~~þið~~ [að teknu tilliti til óvissuþátta](#).

Skilyrðin eru þessi og gilda um árslokastöðu skv. reikningskilum samstæðunnar og [nýjustu fjárhagsáætlun fjárhagsspá til](#) næstu ára að teknu tilliti til arðgreiðslu. [Skilyrðin miðast við meðaltal þriggja ára, nánar tiltekið síðasta ársreikning, útkomuspá yfirstandandi árs og spá næsta árs á eftir](#)

#### Frá og með 2019

1. Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna)	>1,0
2. Eiginfjárhlutfall	>40%
3. FFO vaxtaþekja	>3,5
4. RCF / nettó skuldir	>13%

Skilgreiningar:

( Veltufjármunir – innbygg. afl. á meðal veltufjármuna )

Veltufjárhlutfall (leiðrétt m.t.t. innb. afleiðna) = ( Skammtímaskuldir – innbygg. afl. á meðal skammtímaskulda )

FFO = *Handbært fé frá rekstri (e. funds from operation)*

Nettó skuldir = *Vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og annarra vaxtaberandi fjáreigna*

FFO Vaxtaþekja = *mælir getu fyrirtækis til að standa við vaxtagreiðslur af skuldbindingum sínum*

RCF = *Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum.*

Stefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu samstæðunnar.

#### Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[Stefna yfirfarin og samþykkt á stjórnarfundum 28.10.2023]

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur (OR) einkennist af varfærni í samræmi við skyldur fyrirtækis í eigu sveitarfélaga sem opinberra aðila, skv. lögum um Orkuveitu Reykjavíkur og önnur lög og reglur og viðmið um skyldur og góða stjórnarhætti.

Meginmarkmið áhættustefnu er að tryggja að OR geti sinnt grunnhlutverki sínu á öruggan og hagkvæman máta með lágmarksáhættu. Þetta gerir OR með því að:

- draga úr sveiflum í afkomu samstæðunnar á hverjum tíma með tilliti til undirliggjandi áhættu í rekstrinum og að áhættuþættir séu ávallt innan skilgreindra marka sem stjórnin setur og er skráð í áhættuhandbók.
- tryggja að OR hafi nægt fé til að standa undir uppbyggingu á þjónustu og reglulegri starfsemi
- greina, meta og stýra áhættum í rekstri með hliðsjón af starfsemi, stefnum OR og skilgreindum mörkum.

Stjórn felur forstjóra að framfylgja áhættustefnu í rekstri OR og upplýsa um áhættur utan marka. Áhættuhandbók OR og tengd skjöl lýsa heildarsýn og skilgreina tegundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt aðferðum og mörkum. Breytingar á mörkum krefjast samþykktar stjórnar OR. Áhættustefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

## Tilvísanir

[SKI-100](#); Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum.

[VRO-020](#); Áhættuhandbók.

## OR's Risk Policy

RE's operations are characterized by prudence in accordance with the obligations of a company owned by municipalities as public entities, cf. the Act on OR and other laws and regulations and criteria on obligations and good governance. The Risk Policy 's main goal is to ensure OR's capability to take care of its role in a safe and cost-effective manner with minimal risk. OR does this by:

- Reducing fluctuation in the company 's operations at any given time due to underlying risks in the operation and making sure exposures are kept within boundaries defined by the board and stated in the Risk manual.
- Ensuring that OR has enough resources to support growth of services and regular activity.
- Analyze, evaluate, and manage risks in operations with regards to RE's policies and defined boundary.

The board entrusts the CEO to follow the Risk Policy in OR's operation and informing about outside risks. OR's risk manual and related documents describe an overall view and define types of risk, criteria for assessing them as well as methods and boundaries. Changes in boundaries require the approval of OR's board of directors.

The Risk Policy is based on OR's values and strategy and is presented in accordance with the company's ownership strategy.



Reykjavík, 7. apríl 2024

MSS24010162

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarlögmaður

---

### Umsögn borgarlögmanns um tillögu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur um að skora á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur

Með tölvuskeyti skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. febrúar 2024, var óskað umsagnar borgarlögmanns um tillögu Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir OR) um rýni og mögulega endurskoðun á eigendastefnu OR o.fl., dags. 19. janúar 2024, í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 1. febrúar 2024. Hér á eftir fylgir umbeðin umsögn.

#### I.

Gildandi eigendastefna OR var samþykkt 25. apríl 2014 en sama dag var samþykktur endurskoðaður sameignarsamningur fyrir OR. Í eigendastefnu OR er að finna ákvæði um leiðarljós og hlutverk fyrirtækisins, kjarnastarfsemi þess og megin starfssvæði OR, stjórnarhætti, stefnumótun, samskipti og upplýsingagjöf milli OR og eigenda og þær ákvarðanir sem OR þarf að bera undir eigendur sína og afla samþykkis og/eða staðfestingar þeirra.

Í greinargerð með fyrrnefndri tillögu sem samþykkt var á fundi stjórnar OR 23. október 2023 kemur einungis fram það mat stjórnar OR að endurskoða og breyta þurfi sameignarsamningi og eigendastefnu OR til að samræma þessi gögn fyrirbyggjandi drögum að stofnsamþykktum og að það sé af mörgum ástæðum tímabært að gera breytingar á eigendastefnunni án þess að það sé nánar útskýrt í tillögunni eða greinargerð með henni.

Á hinn bóginn er í skýrslu, dags. 2. febrúar 2024, til eigenda Orkuveitu Reykjavíkur sem ber heitið Framfylgd eigendastefnu 2023 og unnin var af Guðrúnu Erlu Jónsdóttur, að finna umfjöllun sem lýtur að framangreindri tillögu um að hefja endurskoðun eigendastefnu, sameignarsamnings og eftir atvikum laga um OR. Þar kemur meðal annars fram að síðastliðin tvö ár hafi stjórn OR hvatt eigendur til að rýna eigendastefnu OR að teknu tilliti til þeirra breytinga sem hafi orðið á samfélagi, tækni og umhverfi. Þá hafi Reykjavíkurborg sett sér eigendastefnu um sín fyrirtæki sem samræmist ekki eigendastefnu OR í öllum tilvikum auk þess sem innri endurskoðun hafi lagt til að ákvæði eigendastefnu OR um megin starfssvæði samstæðunnar verði endurskoðað. Nánar tiltekið hafi innri endurskoðun bent á að starfssvæði dótturfélaga OR séu mun viðtækari en á Suðvesturlandi og hafi verið það um langt skeið. Jafnframt segir í skýrslunni um þetta atriði að OR samstæðan standi frammi fyrir breytingum sem varði tvö dótturfélaga OR, þ.e. Ljósleiðarann ehf. og Carbflix hf., sem eigendur hafi nú heimilað að selja hlutdeild í. Að mati OR kalli þessar breytingar á rýni á eigendastefnu OR þar sem skýra þurfi hvaða áhrif þær hafi á stjórnarhætti.



Reykjavík



## II.

Eigendastefna OR hefur að geyma samstarfssáttmála eigenda þar sem skýrt er hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggð þátttaka þeirra í ákvörðunum um mikilvæg málefni og stefnumörkun OR. Þannig á eigendastefna OR að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins í samræmi við meðal annars ákvæði eigendastefnu OR en stjórnendur OR eru bundnir af ákvæðum eigendastefnu OR í störfum sínum.

Að mati undirritaðrar er eigendastefna OR skýr um framangreind meginatriði og hefur sannað gildi sitt að mörgu leyti. Að því sögðu þá liggur fyrir að eigendur og stjórnendur OR hafa ekki ávallt deilt sýn á það hvaða ákvarðanir teljast varða mikilvæg og eftir atvikum stefnumarkandi málefni þannig að þau hafi ratað til formlegrar samþykktar eða eftir atvikum staðfestingar hjá eigendum eins og áskilið er samkvæmt eigendastefnu OR og einnig sameignarsamningi OR.

Jafnframt liggur fyrir að þrátt fyrir ákvæði í eigendastefnu OR um þann vilja eigenda að megin starfssvæði OR sé á Suðvesturlandi þá hefur OR engu að síður stofnað til skuldbindinga utan þess svæðis án þess að aflað hafa verið staðfestingar eigenda vegna þeirra eins og áskilið er samkvæmt eigendastefnu OR.

Þar sem eigendur OR eru opinberir aðilar og staðbundin stjórnvöld sem sveitarfélög þá hvíla á þeim skyldur samkvæmt meðal annars ákvæðum samkeppnislaga nr. 44/2005 og sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Því þarf að vera tryggt að fyrirtæki í þeirra eigu fylgi bæði eigin eigendastefnu en ekki síður eigendastefnu hlutaðeigandi eiganda sé slík stefna fyrir hendi og að samræmi sé þar á milli. Þá er það eðli málsins samkvæmt fyrir öllu að sameiginlegur skilningur ríki á milli eigenda og stjórnenda OR um hvernig beri að fylgja og túlka ákvæði eigendastefnu OR svo að tryggt sé að starfsemi og stjórnun OR sé í samræmi við áherslur og vilja eigenda og þannig að tryggð sé aðkoma eigenda að ákvörðunum sem þarfnast samþykktar eða staðfestingar þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu telur undirritað rétt að Reykjavíkurborg sem einn eigandi OR samþykki tillögu stjórnar OR um að hefja endurskoðun eigendastefnu OR og eftir atvikum því til samræmis einnig endurskoðun á sameignarsamningi OR og ákvæðum laga um OR eftir því sem við á. Með því gæfist Reykjavíkurborg og öðrum eigendum OR tækifæri til að setja fram og skýra nánar megin áherslur og vilja sinn um starfsemi og stjórnarhætti OR og rýna afstöðu sína til hlutverks og ábyrgðar eigenda og stjórnenda OR við stjórnun, starfssvæði og starfshætti OR. Þá gæfist Reykjavíkurborg jafnframt tækifæri til að tryggja samræmi milli eigendastefnu OR og sameignarsamnings OR og eigendastefnu Reykjavíkurborgar.

Fallist eigendur OR á tillögu stjórnar OR um að hefja endurskoðun á eigendastefnu OR og eftir atvikum sameignarsamningi OR og lögum um OR, þyrfti í þeirri vinnu að hafa að leiðarljósi hagsmuni bæði eigenda OR og OR og enn fremur sameiginlegan skilning eigenda og stjórnenda OR á ákvæðum eigendastefnu OR til að tryggja framangreinda hagsmuni. Sem liður í að ná því markmiði væri rétt að gera ráð fyrir árlegri rýni af hálfu eigenda OR um framfylgd eigendastefnu OR í endurskoðaðri eigendastefnu OR, en í sameignarsamningi OR er gert ráð fyrir skýrslugjöf OR af þessum toga til eigenda OR.

Ebba Schram



Reykjavík





Reykjavík, 8. apríl 2024

MSS24010162

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Borgarritari og borgarlögmaður

---

### Umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og borgarlögmanns um heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur

Á fundi borgarráðs 1. febrúar 2024 voru lagðar fram tillögur vegna reglulegs eigendafundar í Orkuveitu Reykjavíkur 2. febrúar 2024. Tillögurnar voru færðar í trúnaðarbók ásamt fylgiskjölum. Á tilvitnuðum fundi samþykkti borgarráð að vísa tillögu 4 um heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur (hér eftir OR) til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og borgarlögmanns og var þeirri samþykkt fylgt eftir með bréfi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 2. febrúar 2024. Hér á eftir fylgir sameiginleg umsögn borgarritara og borgarlögmanns.

#### I.

Um er að ræða heildarstefnu OR sem samþykkt var á fundi stjórnar OR hinn 16. janúar 2024 og nú er leitað samþykki fyrir hjá eigendum OR. Í ávarpi forstjóra OR í upphafi stefnunnar kemur fram að stefnan hafi verið mótuð með aðstoð KMPG, aðkomu starfsfólks OR og í samráði í við dótturfélög OR. Heildarstefna OR er unnin á grunni eigendastefnu OR sem er leiðbeinandi um alla stefnumótun í samstæðu sameignarfyrirtækisins. Ætlunin sé síðan að útfæra umrædda heildarstefnu OR í undirstefnum, sem tilgreindar eru í eigendastefnu OR.

Heildarstefna OR byggist á fjórum áherslum sem allar styðja hver við aðra en þær eru *Fyrir viðskiptavininn, Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur, Nýsköpun og öflugt samstarf og Aukið framboð og sjálfbærar lausnir*. Heildarstefna OR styður því ágætlega við eigendastefnu OR. Þegar heildarstefna OR er rýnd út frá eigendastefnu Reykjavíkurborgar og öðrum gögnum eru fjórar megin ábendingar sem vert er að vekja athygli á:

#### Ábending 1:

Í kafla sem ber heitið Viðskiptaáherslur og starfsemi í heildarstefnu OR er meðal annars fjallað um Orku (öflun og sölu orku) og Móðurfélag (mótun stefnu og framkvæmd í samstarfi innan samstæðu) sem vert er að taka til umfjöllunar. Ef fyrst er vikið að því sem kemur fram um Orku, þ.e. öflun og sölu orku í heildarstefnu OR, þá vekur þar athygli að stefnan kveður á um raforkusölu um allt land þrátt fyrir að megin starfssvæði OR sé Suðvesturland samkvæmt eigendastefnu OR. Borgarritara og borgarlögmanni er ekki kunnugt um að OR hafi borið tækifæri annars staðar, þ.e. utan Suðvesturlands, undir eigendur eða aflað staðfestingar þeirra áður en stofnað hefur verið til skuldbindinga vegna þeirra svo sem áskilið er. Því vekur athygli að kveðið sé á um raforkusölu um allt land í heildarstefnu OR en ljóst má vera að slík ákvörðun þarfnast staðfestingar eigenda OR.



## Ábending 2:


Ef næst er vikið að því sem kemur fram um Móðurfélag í heildarstefnu OR þá er þar meðal annars getið um skýra mörkun (e. branding) fyrir fyrirtæki samstæðunnar og að skoða eigi að nota heitið Orkuveitan í öllu efni tengt móðurfélagi, þ.e. Orkuveitu Reykjavíkur. Þrátt fyrir að í stefnunni sé talað um að skoða eigi það að nota þetta nýja heiti í öllu efni tengt OR verður ekki annað séð en að þegar sé búið að taka þetta nýja heiti í gagnið hjá OR. Þannig er allt efni á vefsíðu OR sett fram undir heitinu Orkuveitan auk þess sem búið er að breyta heiti vefsíðu OR í [www.orkuveitan.is](http://www.orkuveitan.is). Þá hefur merki Orkuveitu Reykjavíkur sem var með skammstöfunina OR fremst verið breytt þannig að nú hefur það tákni með heitinu Orkuveitan á eftir. Þess utan hefur netföngum og undirritunum starfsfólks OR verið breytt þannig að nú tilgreina þær heitið Orkuveitan í stað þess að tilgreina OR.

Gerð er athugasemd við að breyta heiti fyrirtækisins í öllu kynningarefni og opinberum gögnum úr Orkuveitu Reykjavíkur í Orkuveituna án þess að bera slíka ákvörðun undir eigendur. Í eigendastefnu Reykjavíkurborgar segir í 6. gr. um stefnumörkun fyrirtækja í eigu borgarinnar að mikilvægt er að væntingar eigenda, stjórnar og helstu stjórnenda fari saman þegar kemur að grundvallar stefnumörkun og framtíðarsýn fyrirtækja. Gerð er athugasemd við hversu seint ný heildarstefna OR var send borgarráði til umsagnar fyrir eigendafund sameignarfyrirtækisins. Í 6. gr. segir jafnframt að mikilvægt er að stefnumörkun fyrirtækja innihaldi viðeigandi mælikvarða á árangur við innleiðingu einstakra markmiða. Í stefnunni er hvergi mælikvarða að finna. Hins vegar kemur fram í viðauka 2 að mælikvarði á markmið mótist í framhaldi af nánari vinnu stjórnar og stjórnenda og verður að fá samþykki eigenda er sú vinna liggur fyrir. Tekið er undir það sjónarmið.

Í þessu sambandi liggur fyrir að heiti sameignarfyrirtækisins er Orkuveita Reykjavíkur samkvæmt lögum nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Þá er í 1. gr. sameignarsamnings OR kveðið á um að heiti fyrirtækisins sé Orkuveita Reykjavíkur. Eins og áskilið er í ákvæðum gr. 8.4 í sameignarsamningi OR og gr. 3. 8 í eigendastefnu OR, þá þarf að vísa óvenjulegum og stefnumarkandi ákvörðunum til eigenda OR. Verður að telja að nafnabreyting OR með þeim hætti sem lagt er til í heildarstefnu OR falli ótvírætt undir það að vera óvenjuleg ákvörðun. Af því leiðir að eigendur þurfa að lýsa afstöðu sinni til slíkrar tillögu áður en OR telst vera heimilt að ráðast í þær breytingar sem felast í fyrrnefndri tillögu. Verður að telja rétt að OR hefði beðið afstöðu eigenda sinna til umræddrar tillögu áður en OR lét efni hennar ná fram að ganga. Tilgangur þess að eigendur fjalli um slíkar ákvarðanir er meðal annars sá að gera þeim kleift að leggja mat á þær með hliðsjón af hlutverki sínum sem ábyrgðaraðilar. Þá á samkvæmt eigendastefnu OR að fylgja áhættumat með slíkri tillögu en undirrituð fær ekki séð að mat af þeim toga liggir fyrir, þar sem meðal annars er fjallað um markmið nafnabreytingar sameignarfyrirtækisins, hvaða tilgangi slík breyting eigi að þjóna og áhrif slíkrar breytingar á starfsemi OR. Þaðan af síður verður ráðið af heildarstefnu OR eða eftir atvikum gögnum málsins að fyrir liggja lagaleg rýni af hálfu OR með fyrrnefndri tillögu þar sem meðal annars er fjallað um lögmæti slíkrar nafnabreytingar í ljósi þess að lögbundið heiti sameignarfyrirtækisins er Orkuveita Reykjavíkur.

## Ábending 3:

Í kafla sem ber heitið Árangursmiðuð liðsheild og ábyrgur rekstur er meðal annars fjallað um markmið undir fyrrisögninni Traustur rekstur. Þar er kveðið á um að markmið OR sé að vera með heilbrigðan rekstrarafgang og traustan fjárhag sem skili eðlilegum arði til



eigenda. Á bls. 16 eru rakin markmið stefnunnar en þar segir í kassanum undir fyrirsögninni Traustur rekstur:

*„Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur sem skilar eðlilegum arði til eigenda.“*

Lögð er til eftirfarandi breyting:

*„Heilbrigður rekstrarafgangur og traustur fjárhagur í samræmi við kröfur eigenda um arðsemi eigin fjár að því marki að þær ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar litið.“*

Þetta orðalag er meira í takt við arðsemiskröfur eigenda í gildandi eigendastefnu OR sem og arðgreiðslustefnu OR.

#### **Ábending 4:**

Almenn eigendastefna Reykjavíkurborgar tekur við af leiðbeiningum OECD um stjórnarhætti fyrirtækja í opinberri eigu frá 2015. Með eigendastefnunni var mörkuð skýr stefna um eignarhald Reykjavíkurborgar í einkaréttarlegum fyrirtækjum og byggðasamlögum ásamt því að kveða á um skipulag og stjórnarhætti Reykjavíkurborgar vegna meðferðar eigandavalds, ásamt þeim kröfum sem gerðar eru til skipulags og stjórnarháttanna þeirra fyrirtækja sem eigendastefnan nær til. Samkvæmt eigendastefnunni er gerð krafa um að skipulag og stjórnarhættir fyrirtækjanna séu í samræmi við rekstrarform sem um þau gilda og endurspegli lög og *góða stjórnarhætti* og endurskoðar eigandafyrirsvar reglulega rekstrarform fyrirtækjanna. Stjórnarhættir einkaréttarlegra fyrirtækja innan samstæðunnar skulu jafnframt ná til dótturfyrirtækja þeirra eftir því sem við á. Í þessu samhengi er sérstaklega bent á gr. 5.4 í eigendastefnu Reykjavíkurborgar þar sem segir að við kosningu í stjórnir einkaréttarlegra fyrirtækja skuli miðað við að meirihluti stjórnarmanna sé óháður fyrirtækinu og stjórnendum þess.

Í samræmi við eigendastefnu Reykjavíkurborgar þá leggur Reykjavíkurborg ríka áherslu á gegnsæi og góða stjórnarhætti einkaréttarlegra fyrirtækja og að þau fylgi *Leiðbeiningum um góða stjórnarhætti* innan samstæðu. Því er eðlilegt að það sé ávarpað með þeim hætti í heildarstefnu OR en það er því miður ekki gert því hvergi er vísað til góðra stjórnarháttanna í heildarstefnu OR. Að því sögðu gæti verið um hugtakarugling að ræða í heildarstefnu OR þar sem að á bls. 6 í stefnunni er talað um *skilvirka stjórnarhætti* og á bls. 31 í dálk um „Framsýn forysta“ er talað um *fyrirmyndar stjórnarhætti* en hvorugt nær yfir „Good Corporate Governance“ sem er alþjóðlegt fræðilegt hugtak. Grundvöllur góðra stjórnarháttanna er skýrleiki og skilvirkni sem ætti að vera eitt af leiðarljósunum í heildarstefnu OR. Því er lagt til að bætt verði við kafla í stefnunni um góða stjórnarhætti og endurbætur gerðar þar sem við á.



Þorsteinn Gunnarsson



Ebba Schram



## UMSÖGN

**Til: Borgarráðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

**Efni: Arðgreiðslustefna, arðsemisstefna og áhættustefna OR**

### Arðgreiðslustefna:

Fyrir liggur tillaga stjórnar Orkuveitunnar um breytingar á arðgreiðslustefnu félagsins í samræmi við grein 6.1 í eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur sem samþykkt var þann 25. apríl 2014, en þar segir:

*„Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skal gera tillögu til eigendafundar um arðgreiðslustefnu sem felur í sér að arður er að jafnaði greiddur út til eigenda að fjárhagslegum skilyrðum uppfylltum, m.a. að fjárhagslegur styrkleiki fyrirtækisins sé nægur og nægt laust fé sé til staðar til reksturs og fjárfestinga félagsins“*

Í arðgreiðslustefnu félagsins eru tilgreindir fjórir fjárhagslegir mælikvarðar og viðmið sem félagið þarf að uppfylla. Fjárhagsskilyrðin eiga að tryggja að arðgreiðslur ógni ekki fjárhagsstöðu félagsins til framtíðar litið. Núverandi skilyrði taka tillit til eiginfjárhlutfalls, lausafjárstöðu, skuldsetningu, fjárfestinga og reksturs og eru þau sett fram með því markmiði að tryggja faglega nálgun og mælanlegt mat á getu félagsins til arðgreiðslna.

Í fyrirliggjandi tillögum er lagt til að bæta því við að við ákvörðun um arðgreiðslur verði einnig horft til þess að þær ógni ekki láns hæfi samstæðu Orkuveitunnar og að ofangreind skilyrði stefnunnar skulu uppfyllt að teknu tilliti til óvissuþátta. Þá er lagt til að í stað þess að horfa á meðaltal þriggja ára þ.e. síðasta ársreiknings, útkomuspár yfirstandandi árs og fjárhagsspá næsta árs að þá sé einungis horft á nýjustu fjárhagsspár til næstu ára. Þannig muni skilyrði arðgreiðslustefnunnar alfarið byggja á fjárhagsspá félagsins í stað þess að byggja einnig á niðurstöðum fyrirliggjandi ársreiknings. Rök félagsins fyrir þessum breytingum eru m.a. þau tryggja að félagið hafi traustan og greiðan aðgang að fjármagnsmörkuðum á hagkvæmum kjörum og að eðlilegt sé sem dæmi að taka tillit til óvissu tengda hlutafjárukningu í dótturfélögum í samstæðu Orkuveitunnar.

Í eigendastefnu Orkuveitunnar kemur fram að stjórn og stjórnendum fyrirtækisins ber að sýna ráðdeild í rekstri og fjárfestingum. Á sama tíma skal tryggja að eigendur hljóti eðlilega ávöxtun á það fjármagn sem bundið er í félaginu. Arðgreiðslustefna félagsins skal skila eigendum ávöxtun sem er í samræmi við þá áhættu sem er fólgin í rekstri og fjármögnun fyrirtækisins. Arðsemi fjármagns skal að lágmarki vera umfram fjármagnskostnað fyrirtækisins sem nemur eðlilegu áhættuálagi í samræmi við rekstrarumhverfi Orkuveitu Reykjavíkur.

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að áhrif framlagðrar tillögu að breytingum á arðgreiðslustefnu OR feli í sér að viðmið um arðgreiðslur verði í meira mæli byggðar á huglægum og matskenndum þáttum. Núverandi fjárhagsskilyrði eru hlutlæg, byggja m.a. á



fjárhagsáætlun félagsins og tekið fram að arðgreiðslur ógni ekki fjárhagsstöðu samstæðunnar til framtíðar, á þann hátt er mögulegri óvissu í framtíðaráætlunum félagsins mætt. Framlagðar breytingar eru ekki til þess fallnar að auka fyrirsjáanleika, gegnsæi né stöðugleika í arðgreiðslum og óljóst hvaða áhrif þær hafi á kröfur eigenda um eðlilega ávöxtun á fjármagn sem bundið er í félaginu í samræmi við eigendastefnu félagsins. Að því sögðu er lagt til að ekki sé fallist á fyrirliggjandi breytingar á arðgreiðslustefnu félagsins.

**Arðsemisstefna:**

Arðsemisstefna er lögð fram án breytinga og því engar athugasemdir gerðir við hana.

**Áhættustefna:**

Áhættustefna er lögð fram án breytinga og því engar athugasemdir gerðir við hana.

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs